

Litur:

Seðillinn er prentaður í blágrænum lit, sem er eins á báðum hliðum. Er um að ræða nýjan lit borið saman við hinn eldri seðil og er litamunur einkum áberandi á bakhlið.

Hinn eldri 100 króna seðill frá 1960 verður áfram í umferð og heldur fullu gildi.

Auglýsing þessi er í framhaldi af auglýsingu frá 30. marz s. l., sem birtist í 34. tölublaði Lögbirtingablaðsins og Stj.tið. B, nr. 65/1965.

Þetta er almenningi gert kunnugt hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 31. maí 1965.

Gylfi Þ. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.

Nr. 105.

3. júní 1965.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir barnaheimili fyrir vangefin börn að Tjaldanesi, Mosfellssveit, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. júní 1965.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

um barnaheimili fyrir vangefin börn að Tjaldanesi, Mosfellssveit.

Stjórn styrktarfélagsins Tjaldaness gerir hér með svofellda skipulagsskrá fyrir barnaheimilið að Tjaldanesi, Mosfellssveit, Gullbringusýslu.

1. gr.

Heimilið er sjálfseignarstofnun. Eignir stofnunarinnar eru ca. 3 ha lands í Tjaldanesi, Mosfellssveit, ásamt öllum húsum og mannvirkjum, er á landinu eru og kunna að rísa, hitaveituréttindum og munum öllum innanhúss, er stofnunin á eða síðar kann að eignast.

Á stofnuninni mega eingöngu hvíla skuldir vegna framkvæmda og starfrækslu í þágu stofnunarinnar.

2. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að veita vangefnum börnum og unglingum uppeldi og menntun, sem framast er unnt, og fá til þess hæfa og sérmenntaða kennara.

3. gr.

Fasteignir og lausafjármuni barnaheimilisins að Tjaldanesi má ekki selja né láta af hendi, nema andvirðinu sé varið til eflingar vangefnum börnum í samráði við félagsmálaráðuneytið og með samþykki þess.

4. gr.

Stjórn styrktarfélagsins Tjaldaness er jafnframt framkvæmdastjórn fyrir sjálfseignarstofnunina að Tjaldanesi og annast hún allan rekstur heimilisins ásamt og í samráði við forstöðumenn heilbrigðismála.

5. gr.

Verði starfrækslu stofnunarinnar (heimilisins) hætt, skal eignum hennar varið í þágu vangefinna, sbr. 3. gr. hér að framan.

6. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal skipa annan af tveim endurskoðendum stofnunarinnar (félagsins) svo og varamann hans.

Reykjavík, 6. maí 1965.

Stjórn styrktarfélagsins Tjaldaness.

Olgeir Bárðarson.

Friðfinnur Ólafsson.

H. Sigurðsson.

Sig. Magnússon.

F. h. Kristins Olsen,

Friðfinnur Ólafsson.

30. apríl 1965.

Nr. 106.

REGLUGERÐ

um starfskjör á póst- og símstöðvum.

1. gr.

Stöðvarstjórar, sem ekki fylgja hinu almenna launakerfi og reglum starfsmanna ríkisins skv. dómi Kjaradóms, fá ársþóknun til reksturs pósts og síma á eftirtöldum stöðvum, svo sem hér segir:

kr. 100 000: Póst- og símstöðvar: Breiðdalsvík, Borgarfjörður.

kr. 96.000: Póst- og símstöðvar: Fosshóll, Hrisey, Króksfjarðarnes, Reykholt, Súðavík, Varmahlíð (Skag.).

kr. 91.000: Póst- og símstöðvar: Eiðar, Staðarhóll.
Símstöðvar: Breiðamýri, Galtafell.

kr. 85.000: Póst- og símstöðvar: Innsta Tunga, Skútustaðir, Svignaskarð, Þykkvibær.
Símstöðvar: Stöðvarfjörður.

kr. 80 000: Póst- og símstöðvar: Eyrarkot, Hjalteyri, Neðri Brunná, Skarðshlíð, Svalbarðseyri.
Símstöðvar: Ásgarður (Grímsnesi), Hvanneyri.

kr. 75 000: Póst- og símstöðvar: Arnarstapi (Mýras.), Ásar, Bakkafjörður, Drangsnæs, Fossvellir, Grenivík, Húsatóftir, Síðumúli, Skógar.
Símstöðvar: Munkaþverá, Mælifell.

kr. 68 000: Póst- og símstöðvar: Bólstaðarhlíð, Bægisá, Hvammur (Hafnir), Minni Borg.
Símstöðvar: Gaulverjabær.

kr. 61 000: Póst- og símstöðvar: Ás, Ásgarður (Dalas.), Bifröst, Seljaland, Skarð, Stóru Akrar.
Símstöðvar: Hjarðarfell, Hnausar.
Póststöðvar: Stöðvarfjörður, Vík.

kr. 54 000: Póst- og símstöðvar: Djúpavík, Hallormsstaður, Hjaltastaður, Kirkjuból, Staðarfell.
Símstöðvar: Bessastaðir, Haganesvík, Varmahlíð (Rang.).
Póststöðvar: Einarstaðir, Haganesvík.